

Ed.

209. Nefndarátt

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík og brtt. á þskj. 88, um að ríkið taki að sjer kvennaskólann á Blönduósi.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Minni hlutinn (I. H. B.) vill fella brtt. um Blönduósskólann, en samþykkja stjórnarfrv. um kvennaskólann í Reykjavík. Meiri hlutinn (S. E. og J. J.) leggur til, að felt verði að gera þessa skóla að ríkisskólum, eins og málinu horfir nú við. Meiri hlutinn byggir þó á

mismunandi forsendum. S. E. litur fyrst og fremst á breytinguna sem fjárhagsmál. Skólarnir muni verða landinu dýrari í rekstri, ef þeir verði gerðir að rikisskólum, og að hann þess vegna af fjárhagsástæðum sje að svo stöddu mótfallinn breytingu. Enn fremur telur hann, að því síður beri bráða nauðsyn til breytingar, þar sem báðir skólarnir hafi með núverandi fyrirkomulagi reynst mjög vel.

Fyrir J. J. er breytingin ekki fyrst og fremst fjármál. Hann litur að visu svo á, að næg reynsla sje fengin fyrir því, að skólar verði yfirleitt ódýrari í rekstri, ef þeir eru reknir sem einkafyrirtæki, heldur en þegar landið starfrækir þá. En hann telur, að landinu beri mest skylda til að stofna sjerskóla fyrir konur, og þá einkum húsmæðraskóla. Konur hafa nú aðgang að öllum skólum landsins, þeim, er veita almenna fræðslu, til jafns við karlmenn. En konur vantar sjerskóla mjög tilfinnanlega. J. J. myndi vera því fylgjandi, að kvennaskólarnir í Reykjavík og á Blönduósi yrðu gerðir að rikisstofnunum, ef þeim væri um leið breytt í húsmæðraskóla. En þar sem slík breyting er ekki fyrirhuguð í frv. eða brtt., vill hann, að þeir starfi enn um stund sem einkafyrirtæki með ríkisstyrk.

Alþingi, 19. mars 1925.

Sig. Eggerz,
form.

Jónas Jónsson,
frsm.